

Stjórnarfundur FEB nr. 480 þriðjudaginn 13. desember 2022 kl. 13.30 að Stangarhyl 4, 110 Reykjavík.

Mætt: Ingibjörg Sverrisdóttir, Ingibjörg Óskarsdóttir, Sigurbjörg Gísladóttir, Kolbrún Stefánsdóttir, Geir A. Guðsteinsson, Halldór Frímannsson og Kristján Árnason
Fjarverandi: Ólafur Örn Ingólfsson, Kári Jónasson og Viðar Eggertsson.

Einnig sat fundinn Dýrleif Guðjónsdóttir framkvæmdastjóri FEB.

1. Fundargerðir nr. 478 og 479 samþykktar.
2. Árskógar 1 og 3
Til umræða voru: Nýtt erindi til stjórnar og fundur frá 2. des. varðandi meintar vanefndir við afhendingu íbúða. Stjórn FEB samþykkti svarbréf til formanns húsfélags Árskóga 1 og 3.
3. Félagstíðindi
Búið er að halda fyrsta ritstjórnarfund og er blaðinu ætlað að koma út í síðasta lagi fyrir páska 2023. Búið er að skipuleggja uppbyggingu blaðsins og verður næsti ritstjórnarfundur fimmtudaginn 12. janúar 2023.
4. Hólaberg 84.
Til umræðu var að setja upp formlegt regluverk til að auðvelda FEB að nýta sér forkaupsrétt að íbúðum í Hólabergi 84 ef þurfa þykir.
5. Starfsemi FEB
Framkvæmdastjóri FEB fór yfir starf skrifstofunnar frá síðasta stjórnarfundum. Helst er að nefna, Vetrarfagnað FEB í Grímsborgum (10. nóv.), Aðventustund félagsmanna (8. des.) og þrjár aðventuferðir til Berlínar (27. nóv. – 4. des. – 11. des.)
6. Fundur hjá Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar boðaði formann FEB, formann húsnæðisnefndar FEB og formann stjórnar Leigufélags aldraðra til spjallfundar vegna deiliskipulagsgerðar fyrir Leirtjörn vestur í Úlfarsárdal. Viljayfirlýsing liggur fyrir hjá Reykjavíkurborg um lóðir á svæði Leirtjarnar fyrir eldra fólk sem verið er að vinna með varðandi hugmyndir og skipulag. Fleiri fundir um verkefnið eru fyrirhugaðir á næstu mánuðum.
7. Leigufélag aldraðra.
Formaður fulltrúaráðs LA greindi stjórn frá fundarefni tveggja stjórnarfunda LA í

nóvember og desember, sem ný stjórn boðaði hann á, ásamt formanni FEB og framkvæmdastjóra FEB.

Áréttaði skyldur fulltrúaráðsins gagnvart stjórn skv. 7. gr. í samþykktum fyrir LA og mikilvægi þess að fá sendar fundargerðir stjórnarinnar. Jafnframt áréttaði hann mikilvægi þess að koma í veg fyrir alla hagsmunarárekstra.

Einnig greindi hann frá fundarefni fulltrúaráðsfunar LA sem haldinn var í byrjun desember.

Fundi slitið kl. 15.50

Jónbjörg H. Gunnarsdóttir
Ólafur Björnsson
Hauður Jónsdóttir
Kolbrún Ágústsdóttir
Sigurberg Guðadóttir
Geir A. Guðsteinsson

Fundargerð ritaði

Geir A. Guðsteinsson